

verklagni og án þess að stofnað væri í hættu Sæbjörgu og áhöfn hennar. Við björgunina ónýttist dráttartaugin, sem var 30 faðma langt „grastóg“, en skemmdir urðu ekki aðrar á skipunum eða því, sem þeim til heyrði. Þegar virt eru þau atriði, sem nú voru greind, og hliðsjón höfð af verðmætum þeim, sem bjargað var, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 80.000,00. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum eins og krafizt var svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 9.500,00, og er þar í falinn matskostnaður. Einnig ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í m/s Akraborg til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminn kváðu upp Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Jónas Jónasson skipstjóri og Þorsteinn Árnason vélstjóri.

#### Dómsorð :

Stefndi, Valtýr Þorsteinsson, greiði stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 80.000,00 með 6% ársvöxtum frá 6. des. 1951 til greiðsludags og kr. 9.500,00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í m/s Akraborg, E.A. 50, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 23. júní 1954.

Nr. 122/1953. **Sigfús Baldvinsson** (Theodór B. Lindal)  
gegn

**Skipaútgerð ríkisins** (Hermann Jónasson)  
**og gagnsök.**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Björgunarlaun.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst hann lækkunar á dæmdum bjarglaunum, að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og gagnáfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 100.000,00, en til vara aðra lægri fjárhæð, með 6% ársvöxtum frá 20. desember 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst gagnáfrýjandi og sjóveðréttar í v/s Sædís, E.A. 380, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00, og á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í v/s Sædís til tryggingar fjárhæð þessari.

#### Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigfús Baldvinsson, greiði gagnáfrýjanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 40.000,00 með 6% ársvöxtum frá 20. desember 1951 til greiðsludags, kr. 4.500,00 í málskostnað í héraði og kr. 3.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í v/s Sædís, E.A. 380, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. febrúar 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., hefur Pálmi Loftsson forstjóri, hér í bæ, vegna Skipaútgerðar ríkisins og skipshafnar varðskipsins Sæbjargar höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 20. des. 1951, gegn Sigfúsi Baldvinssyni, Akureyri, f. h. eigenda m/s Sædísar, E.A. 380, og Guðna Jóhannssyni, útgerðarmanni skipsins, til heimilis Sæfelli á Seltjarnarnesi, til að greiða björgunarlaun in solidum, að fjárhæð kr. 100.000,00, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar, þar með talins matskostnaðar, að skaðlausu. Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í áður nefndu skipi til tryggingar dómkröfunum.

Stefnandi hefur stefnt váttryggjanda skipsins, Sjóváttryggingarfélagi Íslands, til réttargæzlu í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur

gert á hendur félaginu, né heldur hefur réttargæzlustefndi gert nokkrar kröfur á hendur stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur útgerðarmanni skipsins, Guðna Jóhannssyni, en hélt fast við stefnukröfurnar að öðru leyti.

Stefndi hefur mótmælt kröfu stefnanda sem allt of hárrí og krafizt þess, að málskostnaður verði látinn falla niður. Þá krefst hann þess, að dómurinn hljóði aðeins um viðurkenningu á sjóveðrétti í m/s Sædísí fyrir þeim launum, er dómurinn telur, að stefnandi eigi tilkall til.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 24. maí 1951 var m/s Sædís, E.A. 380, að lúðuveiðum 100 sjómílur norðvestur af Garðskaga. Þegar verið var að draga línuna um kl. 2.30, var hringt í vélarrúm á skiptingu vélarinnar aftur á. Fyrsti vélstjóri skipsins var þá staddur uppi í eldhúsi, en fór strax niður og skipti vélinni aftur á, eins og um hafði verið beðið. Heyrði hann þá óvenjulegan hávaða í gangskiptinum („gírnum“) og stöðvaði vélina strax. Síðan athugaði vélstjörinn, hverju þetta sætti, og reyndi að setja vélina aftur í gang, en það reyndist ekki unnt. Við athugun á staðnum kom í ljós, að efri hluti gangskiptihússins var sprunginn frá. Þegar ljóst var um vélarbilun þessa, þótti ekki annað ráðlegt en að fá hjálp til að reyna að komast að landi, og voru af hálfu m/s Sædísar gerðar ráðstafanir til þess, að skip yrðu send henni til hjálpar. Kl. 14.20 fékk v/s Sæbjörg frá útgerðarstjórn sinni fyrirmæli um að fara m/s Sædísí til hjálpar. Var Sæbjörg þá stödd rétt innan við Garðskaga. Lagði Sæbjörg þegar af stað til hjálpar Sædísí og kom að henni föstudaginn 25. maí 1951 kl. 4.25, og var Sædís þá 116 sjómílur NV  $\frac{1}{2}$  V frá Garðskagavita. Tókst vel að koma dráttartaug á milli skipanna, og var því lokið kl. 4.55. Dráttartaugin var 100 faðma dráttarvír  $3\frac{1}{2}$ ", 30 faðma trossa  $9\frac{1}{2}$ " og 30 faðma vírlegg  $2\frac{1}{2}$ ", sem fest var í akkeriskeðju Sædísar, og átti Sæbjörg dráttartaugina, en svo virðist sem Sædís hafi átt  $\frac{1}{2}$  lið af keðju.

Veður var, er þetta gerðist, A 4, sjór S 5 og loft skýjað. Þegar er dráttartauginni hafði verið komið milli skipanna, hélt Sæbjörg með Sædísí í eftirdragi til Reykjavíkur, og var Sædísí lagt við Grandagarð í Reykjavíkurhöfn kl. 4.30 laugardaginn 26. maí 1951.

Þegar athugun á bilun vélarinnar hafði farið fram, eftir að til Reykjavíkur var komið, kom í ljós, að 4 tennur í öðru gangskiptihjólinu (gírhjólinu) voru brotnar af.

Skipstjóri Sædísar hefur við sjóferðapróf látið uppi það álit, að ekki hafi verið tók á því að framkvæma viðgerð á vélinni á sjó úti.

Fram hefur komið í málinu, að skipið hafði aðeins skutsegl, og ljóst er, að skipið gat ekki, eins og á stóð, bjargað sér á seglum til lands.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hér hafi verið um ótvíræða

björgun að ræða. Skipið hafi verið vélarvana og án segla, er því gætu bjargað til hafnar, og vistir hafi ekki verið í skipinu nema til 3 daga.

Stefndi hefur ekki mótmælt því sérstaklega, að hjálp sú, sem Sæbjörg veitti Sædís í umrætt skipti, hafi verið björgun, enda verður að telja, eftir því sem málavöxtum hefur verið lýst hér að framan, að Sædís hafi verið í nokkurri hættu, þar sem hún var stödd á opnu hafi með bilaða vél og hafði alls ófullnægjandi seglaútbúnað.

Stefndi hefur sérstaklega tilfært til andmæla stefnukröfunni, að Sæbjörg sé varðskip, styrkt af ríkinu til þess að gæta landhelginnar, og að svo miklu leyti sem hún sé björgunarskip í öryggisþjónustu ríkisins, beri ekki að greiða sérstaklega fyrir hjálp hennar í hvert skipti. Telja verður, að ástæður þessar valdi hvorki brottfalli né lækun björgunarlauna.

Hið bjargaða verðmæti, skip, veiðarfæri og afli, hefur verið metið af dómkvöddum mönnum á kr. 329.000,00.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að útgerðarkostnaður v/s Sæbjargar sé kr. 5.000,00 á sólarhring.

Að athuguðum málavöxtum þeim, sem lýst er hér að framan, þykja björgunarlaun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 40.000,00, og ber að dæma stefnda til að greiða þá fjárhæð með vöxtum eins og krafizt hefur verið svo og málskostnað, er ákveðst kr. 4.500,00, og er þar með talinn matskostnaður.

Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í m/s Sædís, E.A. 380, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Hvað varðar kröfugerð stefnda um það, að aðeins verði dæmdur sjóveðréttur, þykir rétt að láta dómsorð hljóða eins og venja er til, enda þótt stefndi beri einungis ábyrgð á fullnustu með hinu veðbundna skipi.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Jónasi Jónassyni skipstjóra og Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut.

#### Dómsorð:

Stefndi, Sigfús Baldvinsson f. h. eigenda m/s Sædísar, E. A. 380, greiði stefnanda, Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins og skipshafnar varðskipsins Sæbjargar, kr. 40.000,00 með 6% ársvöxtum frá 20. desember 1951 til greiðsludags og kr. 4.500,00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Sædís, E.A. 380, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.